

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Seyðisfjarðarhrepps«, útgefin 144
 á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 8. júlí 1919. 8. júlí.
 Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð Seyðisfjarðarhrepps.

1. gr.

Seyðisfjarðarhreppur hefur 24. júlí 1911 lagt 4000 krónur inn í aðaldeild Söfnunar-sjóðsins í Reykjavík til sjóðmyndunar,

2. gr.

Sjóðurinn heitir styrktarsjóður Seyðisfjarðarhrepps.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast svo, að allir vextir leggjst við höfuðstólinn til 22. júní 1994, sem verður 100. afmælisdagur Seyðisfjarðarhrepps.

4. gr.

Þá o: 22. júní 1994 og síðan stöðugt sama dag árlega skulu, að frádregnum minst 1000 krónum, er jafnan leggjast við höfuðstól, vextir útborgast á þennan hátt: 4000 krónur til Seyðisfjarðarhrepps, aðrar 4000 krónur til Háskóla Íslands, er vextir eru orðnir 9000 kr., og þriðju 4000 kr. til verðlaunagjafa, er vextirnir nema á ári 13000 kr.

5. gr.

Þeim 4000 krónum, er ganga til Seyðisfjarðarhrepps, skal aðallega varið til fátækra-framfærslu, þó aldrei meira en 1000 krónum á ári, til fræðslumála, til hellbrigðismála, til sam-göngumála, til grasræktar og garðræktar, til skóggræðslu, til styrktar efnilegum ungum mönnum til verklegs náms, þeim er fæddir sju í hreppnum eða hafa dváið þar minst 10 ár og til fyr-lestrahalds í hreppnum um almenn og gagnleg mál.

6. gr.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps ræður skiftingu þessara 4000 króna með umsjón og eftirliti sýslunefndar. Fjeð hefur engan rjettindamissi í för með sjer fyrir þiggjanda.

7. gr.

Þeim 4000 kr., er ganga til Háskólans, skal varið til námsstyrks handa efnilegum, siðferðisgóðum og reglusömum íslenskum nemendum við Háskólann og úthlutað eftir reglum, er Landstjórn og Háskólaráð setji.

144

8. gr.

7. júlí

Þeim þriðju 4000 krónum skal skifta í 8 staði og úthluta sem verðlaunum fyrir framúrskarandi framkvæmdir í landbúnaði, sjósókn, atvinnurekstri og fleiru. Verðlaununum úthlutar landstjórnin eftir tillögum Búnaðarfjélags Íslands, Fiskifjélags Íslands eða annara slíkra fjélaga.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að ársvextir nema 17000 krónum, skal sveitarstjórn Seyðisfjarðarhrepps hafa sett reglur um, hvernig verja skull hinum fjórðu 4000 kr., er þá skal útborga.

Seyðisfjarðarhreppi 7. apríl 1919.

*Björn Þorláksson. Sigurður Jónsson. Eiríkur Vigfússon. Arni Friðriksson.
Vilh. Arnason.*

145

8. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Jóhönnu Einarsdóttur og Björns Jónssonar dannebrm. frá Sandfellshaga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms og kirkjumálaráðherra Íslands 8. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Verðlaunasjóð Jóhönnu Einarsdóttur og Björns Jónssonar dannebrm. frá Sandfellshaga.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með dánargjöf Jóhönnu Einarsdóttur, að upphæð 1200 — tólf hundruð — krónur, og er tilgangur hans að verðlauna vel unnar túbætur í Axarfjarðarhreppi innan Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins skal ávaxtast í tryggri peningastofnun á Norðurlandi. Stofnfjeð má aldrei skerða, en þegar ársvextir sjóðsins nema minst 75 krónum, má verja allt að $\frac{2}{3}$ vaxtanna til verðlauna. Þegar vextir af sjóðnum nema 200 krónum, má verja $\frac{3}{4}$ þeirra til verðlauna og þegar þeir nema 300 krónum má úthluta öllum vöxtum. Afgang vaxtanna sem til felst í hvert skifti skal jafnaa leggja við höfuðstólinn.

3. gr.

Stjórn sjóðsins sje skipuð 3 mönnum, hreppstjóra Axarfjarðarhrepps, formanni búnaðarfjélagsins í sama hreppi, meðan þetta fjelag er starfandi og þriðja manni, er sýslunefndin kys innan hreppsins. Hætti búnaðarfjelagið störfum sínum, kys hreppsnefndin í Axarfjarðarhreppi einn mann í stjórnina. Sama gildir ef hreppstjóri og formaður Búnaðarfjélagsins er sami maður. Hreppstjóri er formaður stjóruarnefndarinnar.